

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Deiliskipulag skólasvæðis á Húsavík.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 5. desember 2024 breytingar á deiliskipulagi fyrir skólasvæði á Húsavík.

Meginbreytingin felur í sér skilgreiningu nýs byggingarreits norðaustan Borgarhólsskóla vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar húss fyrir starfsemi frístundar. Húsið yrði á einni hæð auk kjallara, með tvíhalla þaki og mænishæð að hámarki 6 m yfir gólfkóta jarðhæðar. Hámarksgrunnflötur húss væri 500 m² fyrir hvora hæð. Einnig er gert ráð fyrir tengigöngum úr kjallara nýbyggingar yfir í Borgarhólsskóla og að íþróttahöll. Nýtingarhlutfall lóðar Skólagarðs 1 hækkar úr 0,4 í 0,45. Skipulagið inniheldur aðrar minniháttar breytingar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 3. janúar 2025.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2025